



Skólaskrifstofa
Austurlands

Unnið úr REDING
ROCKETShttp://www.rea
dingrockets.org/

Lestrarráð fyrir foreldra - 3. bekkur

Lestu um það, talaðu um það og hugsaðu um það. Að finna leið fyrir barnið til að byggja upp skilning á lesnum texta er eitt af markmiðum lestrarnámsins.

Eftirfarandi ráð geta hjálpað barninu þínu að nálgast lesturinn á jákvæðan hátt og ná góðum tókum á lestrarnáminu og verða "góður lesari". Prófið nýtt verkefni í hverri viku og sjáið hvað barnið ræður við. Ef barnið er ekki tilbúið í ákveðið verkefni, geymið það, þar til þroski þess kemst á viðkomandi stig.

Gerid bækur sérstakar

Gerid lesturinn að einhverju SÉRSTÖKU. Farið með barnið á bókasafnið, hjálpið þeim að búa til sitt eigið bókasafn, lesið með þeim, og gefið þeim bækur. Komið bókum/lesefni fyrir á "uppáhaldsstaðnum" á heimilinu eða dreifið þeim um alla íbúðina, þá er alltaf hægt að grípa í bók og LESA☺

Lesið "erfdari" bækur

Finnið leiðir til að fá barnið til að lesa "öðruvísir" bækur. Kynnið fyrir þeim nýja "bókaflokka", fyrir nýjum höfundum eða biðjið bókasafnsvörðinn að benda á gott lesefni. Fáid barnið til að lesa meira krefjandi bækur/texta svo að það festist ekki í "léttmeti".

Notaðu orðabók

Notaðu orðabók, ef barnið sér þig sem fyrirmynd, hvetur það barnið til að gera slíkt hið sama. "Umm, ég veiti ekki hvað þetta orð merkir, best að fletta því upp í ORÐABÓKINNI☺".

Ræddu um daginn og veginn - Tengdu saman lestur og fyrri þekkingu

Ræddu um daginn og veginn, til að byggja upp bakgrunnsþekkingu barnsins, en það er undirstöðupáttur fyrir hlustunar- og lesskilning. Talaðu um sjónvarpsþætti sem þið horfið á saman, heimsækið söfn og staði og tengið nýja upplifun við fyrri reynslu.

Ritun - uppkast

Hvetjið barnið til að skrifa. Hafið í huga að ritun krefst æfingar. Enginn skrifar fullkominn texta í fyrstu tilraun. Það þarf að gera uppkast og endurskrifa og laga textann áður en fullkominn frásögn verður til.

Margvíslegar bækur


Lestu margvíslegar bækur/texta til að vera góð fyrirmynd. Mörg börn, sérstaklega drengir, festast í að lesa einhæfar bækur/texta.

Kennið barninu "minnisáðferðir"

Sýni/kennið barninu hvernig hægt er að draga saman aðalatrið bókar/sögu í fáum setningum. Einnig að hvetja þau til að nota "forspá", hvað heldur þú að gerist næst í sögunni?. Þessir þættir hjálpa barninu við að muna texta og byggja upp lesskilning.

Notið tímann - "Erum við ekki að vera kominn?"

Notið tímann í bílnum í orðaleiki. Talið um orð, hvað þau merkja, mismunandi merkingu (t.d. Ég er að **bera** Nönnu yfir lækinn. Kindin var að **bera** lambinu), hvetjið barnið til að finna orð með tvennskona merkingu. Skoðið samheiti, andheiti o.fl.. Þegar barnið lærir og þekkir merkingu orðs eiga þau í minni erfiðleikum við að lesa þau, þegar þau koma fyrir í texta.



GANGI YKKUR VEL:)